

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2026, mánudaginn 26. janúar 2026 kl. 13:00 var haldinn 373. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn að Bæjarhálsi 1, og um fjarfundabúnað.

Fundarfólk: Gylfi Magnússon, Vala Valtýsdóttir, Skúli Þór Helgason, Ragnhildur Alda María Vilhjálmsdóttir, Þórður Gunnarsson, Guðveig Eyglóardóttir og Valgarður Lyngdal Jónsson.

Vala tók þátt um fjarfundabúnað.

Einnig tóku Sævar Freyr Þráinsson, forstjóri og Snorri Hafsteinn Þorkelsson framkvæmdastjóri fjármála.

Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

- Forstjóri og stjórnarfolk gerðu grein fyrir samskiptum milli stjórnarfundna. Yfirlit forstjóra þar um, dags. 26.01.2026, lagt fram, auk gagna sem afhent voru stjórn á milli fundna.
- Fundargerð stjórnarfundar SF372 lögð fram. Fundargerð samþykkt og verður send til rafrænnar undirritunar.
- Snorri Hafsteinn Þorkelsson kynnti drög að uppgjöri ársins 2025 fyrir samstæðu Orkuveitunnar. Klukkan 13:20 mætti Eiríkur Hjálmarsson sjálfbærnistjóri til fundarins og gerði grein fyrir ófjárhagslegum upplýsingum í ársreikningi.

Snorri gerði grein fyrir stöðu fjármögnunar.

Snorri lagði fram að nýju svohljóðandi tillögu sem frestað var á SF 372 um fyrirkomulag innri endurskoðunar. Tillögunni fylgir greinargerð:

Stjórn Orkuveitunnar samþykkir að fela forstjóra að undirbúa í samráði við stjórnarformann, breytingu á fyrirkomulagi innri endurskoðunar fyrirtækisins með það fyrir augum að færa verkefnið til Orkuveitunnar.

Stjórn samþykkir að fela stjórnarformanni og forstjóra að greina þá valkosti sem eru í stöðunni varðandi fyrirkomulag innri endurskoðunar.

- Klukkan 14:44 mættu Sólrún Kristjánsdóttir, framkvæmdastýra Veitna, Anna Gunnlaug Friðriksdóttir, fjármálaleiðtogi Veitna og Ólafía Sigurrós Bjarkadóttir sérfræðingur á fjármálasviði til fundarins og gerðu grein fyrir verðbreytingum í hitaveitu. Umræður.
- Starfsskýrsla innri endurskoðunar fyrir árið 2024-2025 lögð fram.

HLÉ

6. Klukkan 15:40 mættu Ellen Ýr Aðalsteinsdóttir, framkvæmdastýra Mannauðs og tækni, Ása Björk Jónsdóttir leiðtogi stafrænnar þróunar og Erna Sigurðardóttir mannauðsleiðtogi til fundarins og gerðu grein fyrir mannauðsmálum. Umræður.
7. Starfsáætlun stjórnar rædd. Samþykkt að breyta dagsetningu marsfundar úr 30. í 23. mars 2026.
8. Minnisblað um auðlindir, nýsköpun, sjálfbærni og umhverfi, dags. 22. janúar 2026 lagt fram.
9. Dótturfélög. Eftirfarandi stjórnarfundargerðir (drög) og skýrslur framkvæmdastjóra um starfsemina á milli stjórnarfunda lagðar fram til upplýsingar:

Minnisblað framkvæmdastýru Veitna dags. 19.01.2026

Fundargerð Veitna nr. 174 dags. 11.12.2025

Fundargerð stjórnarfundar Ljósleiðarans nr. 247 dags. 12.12.2025

Minnisblað framkvæmdastjóra Ljósleiðarans dags. 23.01.2026

Fundargerð stjórnarfundar ON nr. 82 dags. 17.12.2025

Minnisblað framkvæmdastjóra ON dags. 21.01.2026

10. Forstjóri lagði fram og kynnti skýrslu sína um starfsemina á milli funda, dags 26.1.2026, ásamt fylgiskjölum. Umræður.

11. Önnur mál.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 16:58.

Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 23. febrúar 2026

Gylfi Magnússon,

Vala Valtýsdóttir, Ragnhildur Alda María Vilhjálmisdóttir, Skúli Þór Helgason

Þórður Gunnarsson, Guðveig Eyglóardóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson.